

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5.9.2023  
UST202302-001/G.S.O.  
08.10.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. ágúst 2023 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Brims á Akranesi þann 5. júlí 2023. Þann 31. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Tvö frávík eru opin:

1. **Gr. 2.17 í starfsleyfi.** Styrkur COD í frárennismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum.
2. **Gr. 2.17 í starfsleyfi.** Styrkur svifefna í frárennismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila vegna þessara frávika stendur til að bæta síun á hráefni í innmötun með því að skipta síubandi fyrir hráefni út fyrir snigilsíu. Auk þess á að bæta dælingu á vökvahlið verksmiðjunnar með því að notast við stærri dælur til að minnka leka sem eiga sér stundum stað við yfirfyllingu. Áætluð verklok eru 31.12. 2023 eða fyrir vetrarvertíð á loðnu.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávíkum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur